

2098

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 318/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

S

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. júní 1994 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu.

Ákæra er byggð á kæruskýrslum tveggja stjúpðætra ákærða um það bil átta árum eftir að meintum brotum ákærða gagnvart þeim er talið hafa lokið samkvæmt héraðsdómi og fjórum árum eftir að móður kærenda varð að nokkru kunnugt um tilefni annarrar kærunnar. Við meðferð málsins í héraði hefur engra sérfræðilegra gagna verið aflað um líkamlegt og andlegt atgervi kærenda, viðhorf þeirra til ákærða og ákæruefnisins og áhrif hinna ætluðu brota ákærða á þær. Þó er fram komið, að önnur þeirra að minnsta kosti leitaði til geðlæknis, áður en þær lögðu fram kærur sínar. Skömmu fyrir aðalmeðferð málsins í héraði var því lýst yfir af hálfu ákærvalds, að viðtalsskýrslur læknisins við þær myndu ekki, en læknirinn var þá sagður vera erlendis. Eigi verður séð, að ákærvaldið hafi gert frekari reka að því að afla þessara gagna eða kveðja lækninn fyrir dóm til skýrslugjafar.

Fyrir héraðsdómi lágu ekki heldur gögn um ákærða sjálfan og viðhorf hans, sbr. einkum b- og d-lið 71. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verjandi ákærða hefur lagt fyrir Hæstarétt álitsskýrð sálfræðings um ákærða frá 8. júní 1994, sem unnin var að beiðni barnaverndarnefndar. Þessi álitsskýrð, sem grundvallast á „skammtíma-sálgreiningu“, hefur ein sér takmarkað gildi, en sálfræðingurinn hefur ekki komið fyrir dóm.

Telja verður ofangreind gögn svo þýðingarmikil við mat á sönnunargildi munnlegs framburðar ákærða og kærenda, að héraðsdómari hefði ekki átt að leggja dóm á málið án þeirra. Verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.
